
GEISLAVIRK EFNI Í UMHVERFI OG MATVÆLUM 1989-2003

Radioactivity in the environment and
food in Iceland 1989-2003



GEISLAVARNIRRÍKISINS
ICELANDIC RADIATION PROTECTION INSTITUTE

Magnús Á. Sigurgeirsson
Sigurður Emil Pálsson
Kjartan Guðnason
Elísabet D. Ólafsdóttir
Sigurdís Gunnarsdóttir

GR 05:03

Geislavirk efni í umhverfi og matvælum 1989-2003

*Radioactivity in the environment and
food in Iceland 1989-2003*

**Magnús Á. Sigurgeirsson
Sigurður Emil Pálsson
Kjartan Guðnason
Elísabet D. Ólafsdóttir
Sigurdís Gunnarsdóttir**

September 2005

Geislavarnir ríkisins
Rauðarárstíg 10
150 Reykjavík
sími: 5528200 fax: 5528202
www.geislavarnir.is gr@gr.is
ISBN 9979-9568-8-7



GEISLAVARNIR RÍKISINS

ICELANDIC RADIATION PROTECTION INSTITUTE

EFNISYFIRLIT

ÁGRIP.....	3
ENGLISH SUMMARY	4
1 INNGANGUR.....	6
1.1 Geislavirkni, geislun, líffræðileg áhrif	6
1.2 Náttúruleg geislun.....	6
1.3 Manngerð geislavirk efni í náttúrunni	6
1.4 Mælingar Geislavarna ríkisins á Cs-137 í umhverfinu.....	8
2 NIÐURSTÖÐUR MÆLINGA.....	10
2.1 Cs-137 í úrkomu og svifryki	10
2.2 Vöktun umhverfisgeislunar.....	10
2.3 Cs-137 í mjólk og mjólkurafurðum.....	11
2.4 Cs-137 í lambakjöti.....	13
2.5 Cs-137 í sjó og sjávarfangi	15
2.5.1 Sjór.....	15
2.5.2 Fiskur	19
2.5.3 Þang.....	20
2.6 Tc-99 í sjó og þangi	21
3 HEIMILDIR.....	23
1. VIÐAUKI (STYRKUR CS-137 Í MJÓLK OG MJÓLKURDUFTI)	25
2. VIÐAUKI (STYRKUR CS-137 Í LAMBAKJÖTI)	28
3. VIÐAUKI (STYRKUR CS-137 Í SJÓ)	32
4. VIÐAUKI (CS-137 Í FISKI OG SJÁVARFANGI)	37
5. VIÐAUKI (STYRKUR CS-137 Í ÞANGI).....	40
6. VIÐAUKI (BRÉF SENT TIL SLÁTURHÚSA)	44

ÁGRIP

Í skýrslunni eru teknar saman vöktunarmælingar Geislavarna ríkisins á geislavirkum efnum í umhverfinu og í matvælum frá tímabilinu 1989 til 2003. Rannsóknastofa GR hóf starfsemi sína árið 1989. Frá upphafi hefur verið lögð áhersla á að mæla Cs-137 (sesín) sem er manngert efni og á að mestum hluta uppruna í tilraunasprengingum á 6. og 7. áratug síðustu aldar. Í tilraunum sem gerðar voru í andrúmslofti bárust geislavirk efni um jörðina með veðrum og vindum og féllu til jarðar sem geislavirkt úrfelli. Geislavirkt sesín er einnig losað í nokkrum mæli í frárennsli við endurvinnslu geislavirks úrgangs. Geislavirk efni sem losuð eru í sjó frá endurvinnslustöðvum í N-Evrópu mælast í hafinu fyrir norðan og vestan Ísland. Slys sem orðið hafa í kjarnorkuverum, s.s. í Tsjernóbyl í Úkraínu árið 1986, og í kjarnorkuknúnum farartækjum hafa fram að þessu haft hverfandi áhrif hér á landi. Á árunum 1994-1996 jókst mjög styrkur Tc-99 (teknetíns) í frárennsli í Írlandshaf frá Sellafield á Englandi. Nýverið hófust reglulegar mælingar á teknetíni í sjó við Ísland til að kanna hvort greina megi aukningu í styrk þess. Það tekur mengandi efni um áratug að berast frá Írlandshafi á íslenskt hafsvæði.

Sesín-137 er mælt reglulega í eftirfarandi sýnaflokkum:

- Andrúmslofti (svifryki)
- Úrkomu
- Kúamjólk (ferskri mjólk og mjólkurdufti)
- Lambakjöti
- Sjó
- Þangi
- Fiski

Einnig hafa verið mæld ýmis önnur sýni sem ekki flokkast undir reglubundna vöktun heldur tengjast rannsóknaverkefnum í geislavistfræði, s.s. villtur gróður, jarðvegur, vatnafiskur, sjávarspendýr, grænmeti og fleira. Niðurstöður mælinga sýna að styrkur sesíns er almennt lágur í íslenskri náttúru og í matvælum. Í andrúmslofti er styrkur sesíns $< 0,1 \mu\text{Bq}/\text{m}^3$ og í úrkomu $< 1 \text{ mBq}/\text{l}$. Styrkur sesíns í mjólkurafurðum hefur farið jafnt og þétt lækkandi á tímabilinu. Í mjólki hefur styrkur sesíns fallið úr 5,7 í 0,6 Bq/l og í mjólkurdufti úr 50 í 7 Bq/kg. Styrkur sesíns í lambakjöti er mjög breytilegur og spannar 1-155 Bq/kg. Í sjó er styrkur sesíns talsvert mismunandi á milli sjógerða, frá 1,5-10,5 Bq/m³. Minnstur er styrkurinn í Atlantssjó fyrir sunnan land en hæstur í pólsjó fyrir norðanvestan land. Í þangi mælist styrkur sesíns á bilinu 0,1-0,8 Bq/kg og í fiski á bilinu 0,05-0,50 Bq/kg. Styrkur sesíns í íslenskum matvælum er í öllum tilvikum vel innan 1000 Bq/kg, sem eru þau mörk sem miðað er við í milliríkjavíðskiptum með matvæli.

English summary

This report summarises the monitoring of radiocaesium (Cs-137) in the Icelandic environment in the years 1989 to 2003. The main source of radiocaesium in the Icelandic environment is fallout deposition following the nuclear test explosions in the 1950s and 1960s. The effect of the Chernobyl accident in 1986 was minor in Iceland. In 1989 an environmental laboratory was established at the Icelandic Radiation Protection Institute. Radiocaesium has been measured regularly in samples of:

- Air
- Precipitation
- Lamb meat
- Cow milk
- Seawater
- Fish
- Seaweed

More types of samples, such as vegetation, soils, whale meat, sediments and various foodstuffs have been measured in connection with various research projects. The measurements in general indicate low levels of Cs-137 (see Ch. 1.1-1.4).

In aerosols, values of $< 0.1 \mu\text{Bq}/\text{m}^3$ are typical. Precipitation contained less than 1 mBq/l (see Ch. 2.1). Real time monitoring of external gamma dose rate is performed at four different sites in Iceland (see Ch. 2.2). The levels are generally low spanning 40-80 nSv/h.

Cow milk samples have been collected monthly since 1989 and milk powder since 1986 (see Ch. 2.3 and appendix 1). The mean annual radiocaesium activity has been decreasing during this period. In Northern Iceland the radiocaesium activity concentration in milk powder has decreased from 27 Bq/kg to 11 Bq/kg (annual means) and in Southern Iceland from 37 Bq/kg to 11 Bq/kg. Similar trend is observed for fresh milk.

Since 1989 lamb meat has been collected each autumn from four slaughterhouses, usually 12-16 samples per year in total (see Ch. 2.4 and appendix 2). The annual mean values for Cs-137 differ somewhat between regions, with the highest mean values found in West Iceland. The range of values within individual counties is large, about 2 orders of magnitude. No clear time trend is observed in radiocaesium concentration in lamb meat since 1989. The values range between 1 and 156 Bq/kg (fw). The wide range of values can be explained by a number of factors, e.g. diversity in precipitation (fallout), soil types, plant availability and grazing behaviour.

In the ocean around Iceland, Cs-137 values have been found to depend on the seawater type (see Ch. 2.5.1 and appendix 3). Eight different seawater types have been identified, each characterised by its salinity and temperature range. The highest values are obtained from the Polar Water, 6.3 Bq/m³ (median), and the lowest in Deep Water 2.3 Bq/m³ and the Atlantic Water 2.6 Bq/m³ (median).

In marine fish, mostly cod and plaice, radiocaesium levels of 0.1-0.4 Bq/kg (fw) are observed (see Ch. 2.5.2 and appendix 4). In fish products, e.g. cod liver oil, capelin powder and lumpfish roe, in general radiocaesium concentrations of < 0.7 Bq/kg are observed. In whale meat, i.e. from minke whale, radiocaesium concentration of < 0.6 Bq/kg (fw) is observed.

Two species of seaweed, *Fucus vesiculosus* and *Ascophyllum nodosum*, have been collected regularly at six sites along the Icelandic coast since 1989 (see Ch. 2.5.3 and appendix 5). Cs-137 activity in seaweed ranges between 0.1 and 0.8 Bq/kg (dw). In 1998-2003 the mean values for the different sampling sites range between 0.17 and 0.23 Bq/kg, indicating rather uniform concentrations.

Following the increased release of technetium-99 from Sellafield in early and mid 1990s, Tc-99 has been measured in seaweed samples collected in 1998-2003 (see Ch. 2.6). The activity concentrations of Tc-99 is found to range between 1 and 11 Bq/kg (dw). The results do not indicate an increase of Tc-99 in these samples. Analyses of Tc-99 in seawater are carried out in collaboration with the Norwegian Radiation Protection Authority.

1 INNGANGUR

1.1 Geislavirkni, geislun, líffræðileg áhrif

Geislavirkni er það kallað þegar kjarnar frumeinda búa yfir meiri orku en þeir geta bundið til langs tíma. Kjarninn losar sig við umframorku með því að senda frá sér geislun og breytist við það í annað frumefni. Magn geislavirkni (fjöldi kjarnbreytinga á tímaeiningu) er í réttu hlutfalli við magn geislavirka efnisins og er táknað með einingunni bekerel, Bq.

Hugtakið **geislun** er notað yfir margt í umhverfi okkar, svo sem varma, ljós, örbylgjur og útvarpsbylgjur. Sú geislun sem geislavirk efni senda frá sér er hins vegar orkumeiri, nefnd **jónandi geislun**, og getur valdið efnafræðilegum breytingum (jónun) í því efni sem hún fer um. Heilsufarsleg áhrif lítillar geislunar birtast einkum sem aukin krabbameinsáhætta en mikil geislun getur haft bráð, skaðleg áhrif. Tölulegt mat á heilsufarslegum áhrifum jónandi geislunar er lyklatríði í skipulagi geislavarna, einnig þegar um mat á umhverfisáhrifum geislamengunar er að ræða. Áhættu einstaklings vegna jónandi geislunar er lýst með stærð sem kölluð er geislaálag og hefur eininguna sívert, Sv (oftast notuð með forskeytinu milli (m), $1 \text{ mSv} = 0,001 \text{ Sv}$). Heilsufarsleg áhætta vegna umhverfisgeislunar á Íslandi er hverfandi lítil og þar af er hlutur matvæla óverulegur.

1.2 Náttúruleg geislun

Ýmis geislavirk efni er að finna í náttúrunni. Eru það einkum úran, þóríum og dótturefni þeirra. Þessi efni mynda grunn náttúrulegrar geislunar í umhverfi okkar, til viðbótar kemur einnig geimgeislun. Náttúruleg geislun er mismikil því berggrunnur er misríkur af geislavirkum efnum.


Áætlað meðalgeislaálag einstaklinga af völdum náttúrulegrar geislunar er um 3-4 mSv á ári í Skandinavíu. Á Íslandi er geislunin mun minni eða aðeins um 1 mSv á ári. Þessi munur stafar af því að íslenskur berggrunnur er mjög snauður af geislavirkum efnum, en granít í Skandinavíu er hins vegar ríkt af þeim. Samsvarandi meðaltal fyrir jarðarbúa er 2,4 mSv á ári.

1.3 Manngerð geislavirk efni í náttúrunni

Frá upphafi kjarnorkualdar, sem hófst við lok síðari heimsstyrjaldar, hafa manngerð geislavirk efni borist út í náttúruna. Í upphafi var ekki mikið hugað að áhrifum geislamengunar, en síðustu áratugi hefur verið reynt að draga úr frekari útbreiðslu og jafnframt takmarka áhrif þeirra efna sem þegar hafa borist út í náttúruna. Helstu uppsprettur manngerðra geislavirkra efna í náttúrunni eru eftirfarandi:

a) *Tilraunir með kjarnorkuvopn í andrúmsloftinu*


Geislavirkt úrfelli í kjölfar tilrauna með kjarnorkuvopn á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar er meginrót geislamengunar á jörðinni og algerlega ríkjandi á Íslandi. Mest úrfelli var árið 1963, ári eftir að sprengingarnar náðu hámarki (mynd 1). Árið 1963 tók gildi bann við tilraunum með kjarnavopn í andrúmsloftinu og minnkaði úrfelli verulega eftir það. Á síðari árum hafa flestar tilraunir með kjarnavopn verið gerðar neðanjarðar, en þeim fylgir aðeins staðbundin geislamengun.



Mynd 1. Árlegt magn kjarnorkusprenginga (vegna kjarnaklofnunar) í andrúmslofti mælt sem jafngildi TNT sprengiefnis í Mt (megatönnum), rauðar súlur, og árlegt heildarúrfelli Cs-137 á norðurhveli, blá lína (mynd unnin úr gögnum UNSCEAR 2000).
Annual fission yields of atmospheric nuclear tests (red bars) and annual radiocaesium fallout in the Northern Hemisphere (blue line).

b) *Kjarnorkuiðnaður*

Í kjarnorkuiðnaði eru mörg vinnsluprep sem geta leitt til umhverfismengunar sé fyllsta öryggis ekki gætt. Á Íslandi er enginn kjarnorkuiðnaður en nokkurra áhrifa gætir frá endurvinnslu kjarnorkuúrgangs erlendis, einkum frá endurvinnslustöðinni í Sellafield í Englandi. Úrgangsefni sem losuð eru í sjóinn við Sellafield eru um áratug að berast með hafstraumum á hafsvæði fyrir norðan og vestan Ísland en þá hefur styrkur þeirra minnkað um þúsundfalt. Á síðari árum hefur dregið úr losun geislavirkra efna frá stöðinni (mynd 2).



Mynd 2. Losun á Cs-137 í hafið frá endurvinnslustöðinni í Sellafield 1970-2003.
Marine discharges of Cs-137 from the Sellafield reprocessing plant 1970-2003.

c) *Kjarnorkuslys*

Af slysum er það einkum slysið í Tsjernóbyl árið 1986 sem hefur valdið umtalsverðri geislaamengun í Evrópu. Þetta slys hafði hverfandi áhrif hér á landi. Ýmis önnur slys hafa átt sér stað, s.s. óhöpp við flutning á kjarnavopnum og tjón á kjarnorkuknúnum kabátum og skipum, en áhrif þeirra hafa verið staðbundin.

Við beitingu kjarnorku verður til fjöldi geislavirkra efna. Mörg þeirra eru skammlíf og þarf því ekki að taka tillit til þeirra fjarri uppsprettu geislaamengunar eða þegar frá líður. Þau geislavirku efni sem einkum er fylgst með vegna geislaamengunar eru Cs-137 (sesín) og Sr-90 (strontín). Þau eru bæði með helmingunartíma um þrjátíu ár og eyðast því fremur hægt í náttúrunni. Sesín hefur svipaða efnafræðieiginleika og kalín (K) en strontín svipaða og kalsín (Ca). Þessi skyldleiki veldur því að sesín og strontín berast auðveldlega um fæðukeðjuna, m.a. í menn.

Hlutfallsleg dreifing Cs-137 og Sr-90 var svipuð um jörðina þegar tilraunir voru gerðar með kjarnavopn í andrúmsloftinu. Með nútíma tækjum er hins vegar mun auðveldara að mæla Cs-137 en Sr-90. Við rannsóknir á útbreiðslu þessara efna er áherslan því yfirleitt lögð á að mæla Cs-137, en styrkur Sr-90 aðeins kannaður ef sérstök ástæða þykir til.

Á árunum 1994-1996 var vinnsluaðferðum í endurvinnslustöðinni í Sellafield breytt. Í kjölfarið dró úr losun efna á borð við Cs-137 (mynd 2 og 8), en losun annarra efna eins og teknetín-99 (Tc-99) jókst (mynd 9). Styrkur efnisins hækkaði fljótlega við strendur Noregs og í framhaldi af því var ákveðið að fylgjast með styrk Tc-99 í sjó og þangi hér við land. Teknetín-99 er langlíf (helmingunartími um 214 þúsund ár) og hverfur því hægt úr náttúrunni.

Geislaálag á Íslandi af völdum geislavirkra efna í matvælum er ekki mikið. Sé miðað við áætlaða neyslu og mælingar á styrk Cs-137 í íslenskum matvælum lætur nærri að í fæðu fullorðinna Íslendinga sé að jafnaði um 1 kBq á ári. Geislaálag af þess völdum er um 0,013 mSv, sem er um 1/100 af árlegu geislaálagi vegna náttúrulegrar geislunar.

Magn eða styrkur geislavirks efnis er fjarri því að vera einhlítur mælikvarði á heilsufarsleg áhrif geislaamengunar. Hegðun efnisins í náttúrunni skiptir miklu máli. Þessi hegðun ræðst af efnafræðilegum eiginleikum efnisins. Gróðurfar, landnytjar og fæðuve njur skipta einnig miklu máli. Samanburður á milli landa á áhrifum geislavirks úrfellis getur því verið mjög varasamur sé ekki tekið tillit til þessara þátta.

1.4 Mælingar Geislavarna ríkisins á Cs-137 í umhverfinu

Árið 1989 hóf rannsóknastofa Geislavarna ríkisins starfsemi sína. Það sumar fékk stofnunin tækjabúnað frá Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni (IAEA) til þess að geta mælt gammageislandi kjarntegundir, svokallaðan gammarófsmæli. Gammagreiningin byggist á notkun ofurhrens germaníumkristals (HPGe) sem geislanema. Gammarófsmælir gerir kleift að þekkja og mognreina gammageislandi kjarntegundir í sýnum, oftast án efnafræðilegrar forvinnu. Aðaláhersla hefur verið lögð á mælingar á Cs-137, líkt og flestar aðrar þjóðir hafa gert.

Við töku sýna hefur verið fylgt alþjóðlegum viðmiðunum, einkum *EML Procedures Manual*¹ og öðrum skyldum ritum (t.d. IAEA Technical Report Series No. 295, *Measurements of Radionuclides in Food and the Environment – A Guidebook* (1989)). Við töku jarðvegssýna hefur verið beitt aðferð sem byggir á einni af aðferðum EML (Magnús Á. Sigurgeirsson og Kjartan Guðnason 2004).

Markmið vöktunar stofnunarinnar er að fylgjast með styrk geislavirkra efna í íslensku umhverfi og jafnframt að afla gagna sem nýta má til að auka skilning á hegðun geislavirkra efna í umhverfinu. Samhliða vöktunarmælingum hafa verið stundaðar rannsóknir í geislavistfræði, þar sem áherslan er á að rannsaka tilfærslu geislavirkra efna í náttúrunni, s.s. úr jarðvegi í gróður, búfénað og landbúnaðarafurðir. Sérstaklega hefur verið hugað að því að auka skilning á þeim þáttum sem kunna að vera einstakir fyrir íslenskt umhverfi, s.s. eiginleikum eldfjallajarðvegs til að binda sesín. Styrkur sesíns hefur verið mældur reglulega í:

- Andrúmslofti (svifryki)
- Úrkomu
- Sjó
- Þangi
- Fiski og fiskafurðum
- Kúamjólk
- Lambakjöti

Auk vöktunarsýna hafa verið mæld ýmis önnur sýni s.s. af hvalkjöti, selkjöti og ísbjarnarkjöti. Sýni af vatnasilungi og hreindýrakjöti hafa verið mæld vegna rannsóknaverkefna. Mælingar á geislavirkum efnum í jarðvegi, gróðri og landbúnaðarafurðum hafa verið stundaðar um árabíl í tengslum við rannsóknir í geislavistfræði. Þessar rannsóknir eru nauðsynlegar til að fá heildarmynd af hegðun geislavirks sesíns í íslenskri náttúru og setja vöktunarmælingar í viðeigandi samhengi. Ýmsir eiginleikar íslenskrar náttúru (t.d. jarðvegs) og aðstæður hérlandis (gróðursamsetning og framboð, beit) gera það að verkum að styrkur sesíns getur verið allt annar en myndi sjást við svipaðar aðstæður erlendis. Niðurstöður þessara rannsókna eru birtar annars staðar og eru utan ramma þessarar skýrslu (Sigurður Emil Pálsson *et al.* 1994, Magnús Á. Sigurgeirsson *et al.* 2005, Sigurður Emil Pálsson *et al.* 2005 auk kynninga á ráðstefnum).

Meginógnin af völdum geislavirkra efna í náttúrunni stafar af slysum sem gætu orðið. Brýnt er að geta metið afleiðingar hugsanlegra slysa með sem mestri nákvæmni. Ekki nægir að huga þá einungis að *heilsufarslegum afleiðingum*, einnig þarf að huga að öðrum þáttum, t.d. *efnahagslegum afleiðingum*. Tiltölulega lítil geislaengun, sem hefði takmörkuð heilsufarsleg áhrif gæti hins vegar haft mikil efnahagsleg og félagsleg áhrif. Í alþjóðaviðskiptum er miðað við að magn Cs-137 í matvælum sé undir 1000 Bq/kg. Reynslan sýnir hins vegar að kaupendur geta brugðist hart við allri mælanlegri aukningu styrks. Það er því fyllsta ástæða til að halda vel vöku sinni og þekkja sem best dreifingu og hegðun geislavirkra efna í íslenskri náttúru, sem er með öðrum hætti en víða annars staðar.

¹ U.S. Department of Homeland Security: HASL-300 - The Procedures Manual of the Environmental Measurements Laboratory, <http://www.eml.doe.gov/publications/Procman/>

2 NIÐURSTÖÐUR MÆLINGA

2.1 Cs-137 í úrkomu og svifryki

Úrkomu til mælinga á geislavirkum efnum hefur verið safnað á Rjúpnahæð, við Veðurstofu Íslands í Reykjavík og við Írafoss. Frá árinu 1992 hafa sýnin verið mæld hjá Geislavörnum ríkisins. Lítið af geislavirku sesíni mælist í þessum sýnum og liggja flestar mælingar neðan greiningarmarka sem eru um 1 mBq/l í úrkomu. Hvert sýni er samsett af úrkomu hálfes árs.

Styrkur geislavirkra efna í svifryki, sem safnað er í loftsiur, hefur verið mældur reglulega á Rjúpnahæð síðan 1991. Komið hefur í ljós að meginhluti þess sesíns sem mælist í síunum á ekki uppruna sem ferskt geislavirkt úrfelli heldur sem jarðvegsfok. Styrkur Cs-137 í svifrykinu mælist lágur eða innan við 0,1 $\mu\text{Bq}/\text{m}^3$ loftis. Árið 2002 var sett upp á Rjúpnahæð sjálfvirk mælistöð til vöktunar á geislavirkni í svifryki sem hluti af alþjóðlegu mælineti *Comprehensive Nuclear-Test-Ban Treaty Organisation* (CTBTO). Stöðin var tekin formlega í notkun sumarið 2003.

Fyrstu mælingar á geislavirkni í úrkomu og svifryki héraendis ná aftur til ársins 1958. Mælingar fyrstu árin fóru fram á Eðlisfræðistofnun Háskólans og rannsóknastofum í Englandi og Bandaríkjunum (Páll Theodorsson og Bragi Árnason 1964, Sigurður Emil Pálsson 1997).

2.2 Vöktun umhverfisgeislunar

Reynsla erlendis af slysinu í Tsjernóbyl sýndi mikilvægi rauntímavöktunar á styrk geislunar í andrúmslofti. Sumarið 1991 var sett upp slík mælistöð á Rjúpnahæð í grennd við Reykjavík. Fari styrkur geislunar yfir skilgreind mörk sendir stöðin boð til starfsmanna Geislavarna. Stöðin var í upphafi tengd neti sænskra mælistöðva og síðar norrænu mælaneti. Nú hefur netið verið útvíkkað og eru mælingarnar hluti af vöktunarneti Evrópusambandsins (EURDEP).

Geislaætlar voru settir upp árið 2004 á sjálfvirkum veðurstöðvum í þremur landsfjórðungum í samvinnu við Veðurstofu Íslands. Gögn frá þeim berast Geislavörnum ríkisins og hafa þau jafnframt verið gerð aðgengileg samstarfsaðilum innan Eystrasaltsráðsins og Evrópusambandsins. Fjórða stöðin bættist við árið 2005. Gildin eru almennt lág, þau spanna 40-80 nSv/klst. Þetta er lægra en víða erlendis vegna þess hversu íslenskur berggrunnur er snauður af geislavirkum efnum.

Rauntímavöktun geislunar í svifryki og andrúmslofti flokkast undir viðbúnaðarvöktun, sem gegnir fyrst og fremst því hlutverki að greina sem fyrst óeðlilega hækkun á styrk geislunar í umhverfinu.

2.3 Cs-137 í mjólk og mjólkurafurðum

Sýnum af kúamjólk hefur verið safnað reglubundið frá árinu 1990 til mælinga á Cs-137. Fyrstu árin var safnað frá fimm mjólkurbúum en frá 1996 hafa þau verið tvö. Í töflu 1 er listi yfir mjólkurbúin og söfnunartíma. Hvert sýni er samsett úr mjólk frá öllu söfnunarsvæði viðkomandi mjólkurbús. Með því móti fæst meðaltal fyrir styrk geislavirks sesíns í mjólk á söfnunarsvæðinu.

Tafla 1. Söfnun kúamjólkur, mjólkurbú og söfnunartími.

Sampling of cow milk for radiocaesium analysis, dairies and sampling periods. For location of dairies see map in Appendix 1)


Mjólkurbú	Söfnunartími
MBF (Mjólkurbú Flóamanna)	1990-2003
KEA² (Mjólkursamslag Kaupfélags Eyfirðinga)	1990-2003
MS (Mjólkursamsalan, Reykjavík)	2000-2001
MSB (Mjólkursamslag Borgfirðinga)	1990-1995
KHB (Mjólkursamslag Kaupfélags Héraðsbúa)	1990-1993, 2000-2001
KASK (Mjólkursamslag Kaupfélags A-Skaftfellinga)	1990-1993

Mjólkurdufti hefur verið safnað mánaðarlega hjá Mjólkursamlagi Húnavetninga (MH) og Mjólkurbúi Flóamanna (MBF) síðan 1986. Heildarsamantekt á mælingum á Cs-137 í mjólkurdufti hefur ekki birst fyrr.


Mælingar á Cs-137 í íslenskri mjólk voru í fyrstu gerðar á rannsóknastofnuninni Risø í Danmörku. Þangað voru mjólkursýni send á tímabilinu 1958-1964. Á árunum 1964-1967 voru mælingar framkvæmdar hérlandis, nánar tiltekið á Eðlisfræðideild Háskólans (Páll Theodórsson og Bragi Árnason 1964, Páll Theodórsson og Bragi Árnason 1965, Guðmundur S. Jónsson o.fl. 1968). Á þessum árum var mjólkursýnum safnað frá sjö mjólkurstöðvum víðs vegar um landið. Hlé varð á mælingu Cs-137 í mjólk á tímabilinu 1968-1985. Á tímabilinu 1986-1989 voru íslensk sýni mæld hjá dönsku Geislavörnunum. Frá og með árinu 1989 hefur Cs-137 í mjólk og mjólkurafurðum verið mælt á rannsóknastofu Geislavarna ríkisins.

Mæliniðurstöður eru birtar í 1. viðauka. Á myndum 3 og 4 eru ársmeðalgildi sýnd sem fall af tíma. Sést þar að styrkur Cs-137, bæði í mjólk og mjólkurdufti, hefur farið stöðugt lækkandi frá því mælingarnar hófust.

² Í lok árs 2000 varð til nýtt mjólkurvinnslufyrirtæki, Norðurmjólk ehf. með höfuðstöðvar á Akureyri. Fyrirtækið varð til við samruna mjólkursamslaganna á Akureyri og Húsavík og Grana sem er einkahlutafélag í eigu bænda á svæði hins nýja fyrirtækis.



Mynd 3. Ársmeðaltöl styrks Cs-137 í mjólkurdufti, 1986-2003.
Annual means of Cs-137 activity concentration in milk powder 1986-2003.



Mynd 4. Ársmeðaltöl styrks Cs-137 í kúamjólk, 1990-2003.
Annual means of Cs-137 activity concentrations in cow milk 1989-2003.

Auk þeirra vöktunarmælinga sem hér eru til umfjöllunar hafa mjólkursýni verið mæld í tengslum við nokkur sérverkefni. Tvívegis hefur farið fram athugun á hreinleika íslenskra mjólkurafurða þar sem m.a. er fjallað um geislavirk efni (Sigurður Emil Pálsson o.fl. 1993, Ólafur Reykdal 2002). Fjallað hefur verið um geislavirk efni í mjólk í tímaritum og á ráðstefnum (Sigurður M. Magnússon 1989, Sigurður

Emil Pálsson o.fl. 2002). Í yfirlitsriti um geislavistfræði á Norðurlöndum voru íslensk mæligildi borin saman við gildi frá öðrum löndum (Hansen & Andersson 1994). Á árunum 1994-1995 unnu Geislavarnir að verkefni þar sem mjólk var safnað reglubundið úr einstökum mjólkurkúm (Geislavarnir ríkisins, óbirt gögn). Frá árinu 2001 hefur verið unnið að verkefni sem beinist að tilfærslu geislavirkra efna úr jarðvegi í kúamjólk. Í tengslum við það verkefni hafa verið tekin jarðvegs- og mjólkursýni frá kúabúum á helstu landbúnaðarsvæðum landsins.

Varðandi mjólkurduftið skal tekið fram að um er að ræða þrjár gerðir dufts, undanrennuft, nýmjólkurduft og ungfáfafóður (mjólkurduft ætlað til kálfaeldis). Styrkur Cs-137 hefur reynst nokkuð mishár á milli þurrmjólkurgerða. Hjá Mjólkursamlagi Húnavetninga er styrkur sesíns að jafnaði 14,1 Bq/kg í undanrennufti, 12,9 í ungfáfafóðri og 10,4 í nýmjólkurdufti (gildi frá 1995-2003).

Tafla 2. Styrkur Cs-137 í mjólk frá nyrsta hluta Skandinavíu, Íslandi og Færeyjum, árin 1964 og 1998 (Bq/l, meðaltal og spönn mæligilda). Heimild: AMAP (2002).

Radiocaesium activity concentrations in milk from the Nordic countries (mostly Arctic regions) (Bq/l, mean (range)).

Land	1964	1998
Færeyjar	51 (22-97)	0.8 (0.2-1.9)
Finnland	31 (27-36)	0.55 (0.5-0.6)
Ísland	27 (7-83)	1.4 (0.8-2.5)
Svíþjóð	22 (14-30)	2.5 (1.5-4)
Noregur	16 (7-37)	(gögn vantar)

Styrkur geislavirkra efna í mjólk og öðrum landbúnaðarafurðum í Skandinavíu er mjög breytilegur eftir landsvæðum en veruleg geislaengun varð þar víða af völdum Tsjernóbyl slyssins árið 1986. Einna verst urðu úti Suður- og Mið-Noregur, Mið-Svíþjóð og Suður-Finnland, önnur svæði sluppu betur.

Í Suður-Noregi (Oppland fylki) mældist styrkur Cs-137 á einstökum býlum allt að 350 Bq/kg síðsumars árið 2003. Styrkurinn er almennt lægri snemmsumars en eykst eftir því sem líður á sumarið. Í Mið-Noregi (Nordland fylki) mælist styrkur sesíns í öllum tilvikum lægri en 50 Bq/kg (Gjelsvik 2004).

2.4 Cs-137 í lambakjöti

Mælingar á Cs-137 í lambakjöti hafa verið stundaðar hjá Geislavörnum ríkisins samfelt frá árinu 1989. Mælingarnar voru í fyrstu unnar í samvinnu við Hollustuvernd ríkisins og voru liður í reglubundnu eftirliti með hollustu matvæla. Sýni hafa verið tekin árlega af kjöti í helstu sláturhúsum landsins, samhliða haustslátrun búfjár. Sýnataka hefur verið í samráði við Yfirdýralækni og héraðsdýralækna en framkvæmd af starfsmönnum sláturhúsanna.


Niðurstöður mælinga frá árinu 1989 voru kynntar í tímaritsgrein eftir Sigurð M. Magnússon (1989). Á fyrstu árum reglulegra mælinga voru þær kynntar stuttlega í bréfum sem send voru til sláturhúsa og

hlutaðeigandi dýralækna (sjá 6. viðauka). Niðurstöður mælinga frá 1989 til 2003 eru sýndar í 2. viðauka.

Samhliða sýnatöku hafa sýnatökumenn fyllt út eyðublað frá Geislavörnum ríkisins þar sem óskað er eftir ýmsum upplýsingum um þau lömb sem veljast til sýnatöku, s.s. uppruna, afrétt og hagagöngu. Komið hefur í ljós að meðalstyrkur Cs-137 í lömbum frá mismunandi sýslum er breytilegur. Ennfremur hefur sýnt sig að mikilvægt er að hafa vitneskju um hagagöngu lambanna, þ.e. hvort þau hafa gengið á afrétti eða í heimahaga, og hversu lengi þau hafa gengið í mismunandi högum. Styrkur Cs-137 er að jafnaði um 35 % hærrí í lömbum sem koma af afréttum en þeim sem eru í heimahaga yfir sumarið.


Mælingar á styrk Cs-137 í íslenskum jarðvegi benda til að hann sé mjög háður meðalársúrkomu og landslagi (Sigurður Emil Pálsson *et al.* 2002, Sigurður Emil Pálsson *et al.* 2005, Magnús Á. Sigurgeirsson *et al.* 2005). Styrkur sesíns er jafnan hæstur í lægðum, s.s. snjódældum og við brekkurætur þar sem snjór og fokefni safnast fyrir. Þessir staðir eru oft gróðursælir og því eftirsóknarverðir fyrir sauðfé. Láglandi er yfirleitt mun sléttara en afréttir og dreifing sesíns mun jafnari. Með hliðsjón af upplýsingum um hagagöngu lambanna má skýra að verulegu leyti breytileikann sem fram kemur í mælingunum.

Á mynd 5 er sýndur styrkur Cs-137 eftir sýslum landsins. Áberandi er hve styrkur sesíns er breytilegur innan hverrar sýslu. Hæstu miðgildin eru frá sýslum á Vesturlandi, þ.e. Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu og Snæfellsnes- og Hnappadalsýslu. Sýsluskipting landsins er sýnd á mynd 6.



Mynd 5. Styrkur Cs-137 í lambakjöti flokkaður eftir sýslum landsins. Lituð box sýna dreifingu mæligilda innan 25 og 75 % prósentumarkanna. Miðgildi er sýnt sem lína í boxunum. Hornklofar marka dreifingu innan 10 og 90 % prósentumarkanna. Fylltir hringir sýna útlaga (þ.e. afbrigðileg mæligildi).

Cs-137 activity concentrations in lamb meat from different counties in Iceland. Boxes show the median (horizontal line) and values between the 25 and 75% percentiles. Horizontal bars label the 10 and 90% percentiles, but points mark outliers. County boundaries in Iceland are shown in Figure 6.



Mynd 6. Sýsluskipting á Íslandi (umdæmi sýslumanna). Heimild: Landmælingar Íslands. *County boundaries in Iceland.*

Heildarfjöldi mældra lambakjötssýna er 202. Hæsta einstaka mæligildið er 156 Bq/kg í sýni frá Vesturbyggð í V-Barðastrandarsýslu. Flest sýni með hærri gildi en 60 Bq/kg koma frá Sláturhúsinu í Borgarnesi. Tvö gildi yfir þessum mörkum hafa mælst í sýnum frá Sauðárkróki. Lægsta mæligildið er 0,7 Bq/kg frá Bárðardalshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu. Einungis fjögur sýni hafa mælst lægri en 2,0 Bq/kg. Meðaltal allra mældra sýna á tímabilinu 1989-2003 er 19,2 Bq/kg.

Samanburður við nágrannarþjóðirnar sýnir að styrkur sesíns í lambakjöti á Íslandi er svipaður og í Færeyjum. Árið 1990 var meðalstyrkur sesíns í Færeyjum 26,0 Bq/kg (ferskvigt) og 10,9 Bq/kg (ferskvigt) árið 1999 (sýni frá 8 stöðum víðs vegar um eyjarnar) (Joensen 2002). Styrkur sesíns í lambakjöti í Skandinavíu er mjög mismunandi eftir svæðum þar sem talsverðrar geislaengunar gætti í kjölfar Tsjernóbyl slyssins árið 1986. Samkvæmt mælingum á sauðfé í Vestur Slidre í S-Noregi árið 2003 var meðalstyrkur Cs-137 í lömbum 590 Bq/kg (63-1260 Bq/kg) en 202 Bq/kg (10-784 Bq/kg) í fullorðnum ám (mælt í lifandi skepnum) (Gjelsvik 2004). Hæsta gildi sem mældist í sauðfé þetta árið í Noregi var 7600 Bq/kg (í Levanger héraði).

2.5 Cs-137 í sjó og sjávarfangi


2.5.1 Sjór

Frá árinu 1990 hafa sjósýni verið tekin árlega af miðunum umhverfis Ísland til mælinga á Cs-137 (tafla 3). Starfsmenn Hafrannsóknastofnunar hafa tekið sýnin í leiðöngnum r/s Bjarna Sæmundssonar í ákveðnum sniðum út frá landinu (mynd 7). Flest sýnin eru yfirborðssýni, tekin á um 5 m dýpi, en djúpsýni hafa verið tekin árlega frá 1994 (sjá töflu 3). Vegna þess hve styrkur Cs-137 er lágur eru

sýnin höfð frekar stór, eða 100-200 lítrar. Niðurstöður mælinga frá árinu 1990 eru teknar saman í 3. viðauka.

Tafla 3. Fjöldi sjósýna eftir árum og árstíma (fjöldi sýna af millisjó og djúpsjó er sýndur í svigum). *Seawater sampling in Iceland 1990-2003, number of samples collected annually (number of samples from AIW and DW are shown in paranthesis).*

Ár	febrúar	maí	september	nóvember	Samtals
1990			6		6
1991	14				14
1993		23	7		30
1994	6		10 (1)		16
1995	3	17	11 (4)		31
1996	7		6 (2)	5	18
1997	2	18 (1)		2	22
1998	4 (1)		5 (1)		9
1999	2	3	6 (2)		11
2000	3	6 (2)	4		16
2001	4 (2)	4 (2)		6	14
2002	5 (2)	4 (2)	1		10
2003	3	2		8	13



Mynd 7. Snið sem Hafrannsóknastofnunin fylgir við sjósýnatöku.

Location of sampling stations used by the Marine Research Institute for seawater sampling.


Í hafrannsóknnum tíðkast að tala um sjávarmassa eða sjógerðir sem hver um sig hefur ákveðna efna- og eðlisfræðilega eiginleika. Út frá seltu og sjávarhita hefur sjó á hafsvæðinu í kringum Ísland verið skipt í a.m.k. átta mismunandi sjógerðir (tafla 4) (Unnsteinn Stefánsson 1994, Héðinn Valdimarsson og Svend Aage Malmberg 1999). Samantekt yfir eiginleika mismunandi sjógerða við Ísland er m.a. að finna í grein Elísabetar D. Ólafsdóttur (1999).

Styrkur Cs-137 hefur reynst mishár eftir sjógerðum og eru sýnin flokkuð með tilliti til þess (tafla 4, mynd 8). Flest sjósýni er hægt að flokka til ákveðinna sjógerða en sum þeirra geta þó verið blöndur af tveimur eða fleirum sjógerðum (ekki til frekari umfjöllunar hér).

Tafla 4. Styrkur Cs-137 í helstu sjógerðum við Ísland (sýnd eru miðgildi mælinga).

Cs-137 in main water masses around Iceland (temperature (°C), salinity (‰), depth (m) and Cs-137 medians (Bq/m³)).

Sjógerðir	Flokkunargildi sjógerða			Cs-137 Miðgildi, Bq/m ³
	Hiti, °C	Selta, ‰	Dýpi, m	
Atlantssjór (AW) <i>e. Atlantic Water</i>	3-6	> 34,9	0-800	2,6
Strandsjór (CW) <i>e. Coastal water</i>	0,5 - 10	~ 33 - 35	0-5	3,1
Vetrarsjór (NIWW) <i>e. North Icelandic Winter Water</i>	2-3	34,8 - 34,9	0-300	3,6
Svalsjór (ASW) <i>e. Arctic Surface Water</i>	1-3	34,6 - 34,9	0-5	3,8
Pólsjór (PW) <i>e. Polar Water</i>	< 0	< 34,4	0-5	6,3
Millisjór (AIW) <i>e. Arctic Intermediate Water</i>	0-2	34,8 - 35,0	300-500	3,7
Yfirfallssjór í Grænlandssund (DSOW) <i>e. Denmark Strait Overflow Water</i>	< 1	34,8 - 34,9	> 600	3,8
Djúpsjór (DW) <i>e. Deep Water</i>	< 0	34,89 - 34,93	> 300	2,3




Mynd 8. Styrkur Cs-137 í mismunandi sjógerðum við Ísland (sjá skýringu við mynd 5).

Cs-137 in seawater samples collected in the ocean around Iceland 1990-2003 (see figure 5).

Meginuppspretta geislavirkra efna í sjó við Ísland er úrfelli frá tímum tilrauna með kjarnavopn á 6. og 7. áratug síðustu aldar. Styrkur Cs-137 er lægstur í djúpsjó fyrir norðan land (DW) og Atlantssjó (AW), þar er nær eingöngu um leifar frá tilraunasprengingunum að ræða. Áberandi hæstur styrkur Cs-137 mælist í pólsjó (PW) fyrir norðan og vestan landið. Orsakanna fyrir hlutfallslega háum styrk í pólsjó er að leita í kjarnorkuiðnaði í V-Evrópu, einkum á Bretlandseyjum. Frá endurvinnslustöðinni í Sellafeld hefur menguðu affallsvatni verið dælt í Írlandshaf (mynd 2 og 9). Þaðan berast efnin með hafstraumum norður með vesturströnd Noregs um Íshafið og loks með Austur-Grænlandsstraumnum til suðurs milli Íslands og Grænlands. Kvísl frá þessum straumi sveigir til austurs fyrir norðan Ísland.

Talið er að mengunar frá Sellafield verði fyrst vart í millisjó (AIW) hér við land. Ætla má að ferðatíminn frá Írlandshafi í Grænlandssund sé um 10 ár í yfirborðssjó en dálítið lengri í djúpsjó. Mengunar frá Sellafield verður einnig vart í öðrum sjógerðum, s.s. svalsjó, millisjó og vetrarsjó. Þegar styrkur Cs-137 í djúpsýnum (DW og DSOW) er skoðaður má greina nokkra lækkun á árunum 2000 og 2001. Þetta kemur heim og saman við minnkun á losun Cs-137 frá Sellafield á árunum 1990 – 1991 (mynd 9).

Styrkur Cs-137 í affalli frá Sellafield hefur verið að lækka undanfarinn áratug þannig að vænta má lægri mæligilda á komandi árum í sjógerðum sem helst flytja með sér mengandi efni á Íslandsmið, s.s. pólsjó og millisjó (mynd 9).



Mynd 9. Losun Cs-137 frá endurvinnslustöðinni í Sellafield á tímabilinu 1986-2003.
Marine discharges of Cs-137 from the Sellafield reprocessing plant in England 1986-2003.

Niðurstöður mælinga frá 1990-1997 hafa verið birtar í skýrslum (Sigurður M. Magnússon o.fl. 1993, Magnús Jóhannesson o.fl. 1995, Davíð Egilsson o.fl. 1999) og í tímaritsgrein (Elísabet D. Ólafsdóttir o.fl. 1999). Niðurstöður sesínmælinga frá árinu 1998 og síðar hafa ekki verið birtar áður. Mælingar á Cs-137 í sjó við Ísland hafa verið kynntar á alþjóðlegum ráðstefnum (Elísabet D. Ólafsdóttir o.fl. 1992, Elísabet D. Ólafsdóttir o.fl. 1996, Elísabet D. Ólafsdóttir o.fl. 1997).

Árið 2000 mældist styrkur Cs-137 í yfirborðssjó við vesturströnd Noregs 2,5-8,5 Bq/m³ og við Svalbarða 2,1-6,1 Bq/m³ (Gäfvert et al. 2003). Sama ár mældist styrkur Cs-137 í norðanverðu Írlandshafi (nærri Sellafield) á bilinu 50-500 mBq/l (=Bq/m³) (RIFE-6).

2.5.2 Fiskur

Fisksýni hafa verið tekin í rannsóknarleiðöngrum Hafrannsóknastofnunar. Sýnin eru tekin á sömu stöðum árlega (sjá mynd 4). Hvert sýni er samsett af holdi um það bil 25 fiska. Mæld hafa verið sýni af helstu nytjafiskum hér við land s.s. þorski, kola, ýsu, lúða, síld og loðnu. Einnig hafa sýni af skelfiski og kröbbum verið mæld. Mælingar eru teknar saman í 4. viðauka.

Tafla 5. Fjöldi fisksýna eftir árum og fisktegundir.

Fish sampling for radiocaesium measurements 1989-2003, number of samples collected annually.

Ár	þorskur (Cod, <i>Gadus morhua</i>)	koli (Plaice, <i>Pleuronectes platessa</i>)	ýsa (Haddock, <i>Melanogrammus aeglefinus</i>)	lúða (Halibut, <i>Hippoglossus hippoglossus</i>)	loðna (Capelin, <i>Mallotus villosus</i>)	síld (Herring, <i>Clupea harengus</i>)	annað ³ <i>Other species</i>	samtals
1989		1	1	1	1	1		5
1990	4							4
1991		3				1	1	5
1992	4	3				1	2	10
1993		5					1	6
1994	8	4				1	1	14
1995	4	4					2	10
1996	10	3				1		14
1997	3	2						5
1998	4	3						7
1999	3	4						7
2000	3	1	2	2		2		10
2001	4							4
2002	5	1						6
2003	4						2	6

Styrkur Cs-137 er almennt mjög lágur í fiski á norðurslóðum (tafla 6). Meðalstyrkur Cs-137 í fiski frá Íslandsmiðum er almennt innan þeirra frávíksmarka sem gefin eru upp í töflunni. Í þorski mælist sesín á bilinu 0,10-0,25 Bq/kg, í ýsu 0,2-0,3 Bq/kg og í kola 0,05-0,15 Bq/kg.

Tafla 6. Styrkur Cs-137 í ýmsum fisktegundum á norðurslóðum, þar með talið Íslandsmiðum. Sýnd eru meðaltöl árána 1995-2002 (AMAP 2002).

Activity concentrations for Cs-137 in marine fish species from Arctic waters 1995-2002 (Bq/kg ww).

Tegund	Fjöldi mælinga	Cs-137 (±SD)
Ýsa (<i>Melanogrammus aeglefinus</i>)	65	0,25 (0,11)
þorskur (<i>Gadus spp.</i>)	394	0,22 (0,08)
Marhnútur (<i>Myoxocephalus scorpius</i>)	10	0,31 (0,16)
Flundra (<i>Platichthys flesus</i>)	6	0,33 (0,06)
Loðna (<i>Mallotus villosus</i>)	3	0,16 (0,08)
Sandkoli (<i>Limanda limanda</i>)	247	0,09 (0,03)

³ Skelfiskur og krabbadýr. *Shellfish and crustaceans.*

2.5.3 Þang

Þangskýni hafa verið tekin reglulega á sex stöðum umhverfis landið síðan árið 1989. Sýnatökustaðir eru við Hellissand á Snæfellsnesi, á Arnarnesi við Ísafjarðardjúp, við Sandvík í Grímsey, á Hafnarnesi við Fáskrúðsfjörð, á Stokksnesi við Hornafjörð og í Klauf í Heimaey (tafla 7). Sýnum er safnað af bóluþangi (*Fucus vesiculosus*) og klóþangi (*Ascophyllum nodosum*). Fjórum þangskýnum hefur verið safnað árlega frá hverjum sýnatökustað, að undanskildum árunum 1993-1998 þegar einu sýni var safnað (sjá töflu 8). Samhliða þangskýnatökunni eru tekin sjóskýni til seltumælinga. Sýnataka er í umsjón starfsmanna Hafrannsóknastofnunar, nema í Grímsey og Fáskrúðsfirði þar sem hún er í höndum annarra. Þangið er þurrkað vandlega og malað áður en það er mælt og eru niðurstöður birtar sem Bq/kg (þurrvig). Niðurstöður mælinga eru teknar saman í 5. viðauka.

Tafla 7. Sýnatökustaðir og meðalstyrkur Cs-137 í þangi við Ísland 1998-2003.

Locations of seaweed sampling sites in Iceland, mean values for 1998-2003 (Bq/kg dw).

Bóluþang: Fucus vesiculosus; klóþang: Ascophyllum nodosum.

Staður	Hnit	Þangtegund	Cs-137, Bq/kg, þurrv.
Grímsey	66° 33, 18° 02	bóluþang	0,23
Fáskrúðsfjörður	64° 54, 13° 55	klóþang	0,20
- (frá sept. 2001)	64° 52, 13° 46	klóþang	
Stokksnes	64° 14, 14° 59	bóluþang	0,22
Heimaey	63° 25, 20° 17	bóluþang	0,18
Hellissandur	64° 54, 23° 56	klóþang	0,17
Ísafjarðardjúp	66° 06, 23° 02	bóluþang	0,19

Tafla 8. Fjöldi þangskýna eftir árum.

Seaweed sampling in Iceland 1989-2003, number of samples collected annually.

Ár	mars	júní	september	desember	samtals
1989				6	6
1990	6	6	5	6	23
1991	6	6	6	5	23
1992	6	4	4		14
1993	1		5		6
1994			6		6
1995			5		5
1996			6		6
1997			6		6
1998			6		6
1999	4	6	6	6	22
2000	6	5	6	6	23
2001	6	3	5	4	18
2002	6	5	2	3	16
2003	5	5	4	4	18

Styrkur sesíns í þangi er líkur milli landshluta en mælist þó að jafnaði örlítið hærrí fyrir norðan og austan land en sunnan og vestan (tafla 7). Eins og áður hefur komið fram liggur kvísl úr Austur-Grænlandsstraumnum til austurs fyrir norðan Ísland. Sýnt hefur verið fram á að geislaamengun frá endurvinnslustöðvum í V-Evrópu berst í nokkrum mæli með þessum straumi. Kemur þetta fram í styrk sesíns í pólsjó (PW), sem er sá hæsti sem mælist í hafinu við Ísland. Samkvæmt þessu ætti styrkur sesíns að vera einna hæstur við Grímsey af þeim stöðum sem þangi er safnað frá.

Til samanburðar eru sýndar mælingar á bólupangi frá nokkrum nágrennapjóðum okkar (tafla 9).


Tafla 9. Styrkur Cs-137 í bólupangi á nokkrum stöðum erlendis.

Activity concentrations for Cs-137 in seaweed from several N-European countries.

Staður	Mæliár	Cs-137, Bq/kg	Heimild
Ísland	2000	0,1-0,5	(sjá viðauka 5)
Færeyjar	2000	0,4-0,5	(Joensen <i>et al.</i> 2002)
Noregur, vesturströnd	2000	0,3-1,4	(Gäfvvert <i>et al.</i> 2003)
N-Noregur	2000	0,3-0,7	sama heimild
England, við Sellafield	2000	6,7	(RIFE-6)

2.6 Tc-99 í sjó og þangi

Mikil aukning varð á losun teknetíns (Tc-99) frá endurvinnslustöðinni í Sellafield á tímabilinu 1994-1996 í kjölfar breyttra vinnsluhátta (mynd 10). Nam losunin þá allt að 200 TBq á ári en hafði verið undir 10 TBq á ári áratuginn á undan.



Mynd 10. Losun teknetíns frá endurvinnslustöðinni í Sellafield 1992-2003.

Marine discharges of Tc-99 from the Sellafield reprocessing plant in England, 1992-2003.

Rannsóknir hafa leitt í ljós að úrgangsefni frá endurvinnslustöðinni berast með sjávarstraumum til norðurs, meðfram vesturströnd Noregs, um Norður-Íshafið og síðan til suðurs milli Íslands og Grænlands. Kvísl úr Austur-Grænlandsstraumnum blandast strandstraumum við Íslandsstrendur. Það tekur mengandi efni um áratug að berast frá Írlandshafi að Íslandsströndum. Til að kanna hvort greina mætti aukningu í styrk teknetíns við Ísland var efnið mælt í þangsýnum frá fjórum stöðum við landið (tafla 10).

Mælingarnar sýna að ekki hefur orðið marktæk aukning á styrk teknetíns við Ísland fram að þessu. Styrkur teknetíns-99 mælist að jafnaði tvöfalt til þrefalt hærri við norður- og austurströndina en við suður- og vesturströndina. Tegund þangsins skýrir að hluta hærri styrk í þangi frá Fáskrúðsfirði, því upptaka teknetíns er talin meiri í klóþangi en bóluþangi. Hugsanlegt er að geislaengunar frá endurvinnslustöðvum í Evrópu gæti í þanginu við Grímsey, en þar er styrkur teknetíns nokkru hærri en í Heimaey og í Ísafjarðardjúpi.

Mælingar á Tc-99 í þangi sem gerðar voru í Risø í Danmörku á árunum 1990-1991, gáfu að jafnaði 2,5 Bq/kg í þangi við Grímsey og 1,3 Bq/kg í þangi við Vestmannaeyjar.

Tafla 10. Styrkur teknetín-99 í þangi við Ísland, 1998-2003, Bq/kg (þurrvigt) (sjá kort í viðauka 5).
Concentrations of Tc-99 in seaweed collected at the Icelandic coast 1998-2003 (Bq/kg dw).

Ár	Mánuður	Grímsey (bóluþang, <i>Fucus vesiculosus</i>)	Fáskrúðsfjörður (klóþang, <i>Ascophyllum nodosum</i>)	Heimaey (bóluþang, <i>Fucus vesiculosus</i>)	Ísafjarðardjúp (bóluþang, <i>Fucus vesiculosus</i>)
1998	september	2,8	9,4	1,9	1,3
1999	apríl	5,0			2,3
	júní	4,0	7,9	1,6	
	júlí				1,8
	september	2,8		1,6	1,5
2000	deember		8,3	1,9	1,7
	mars	6,2	10,8		
	apríl			1,7	1,4
	júní	2,8	6,6		1,5
2001	júlí			1,4	
	september	3,4		1,4	
	deember	4,7	7,1		
	mars		10,1		
2002	júní			1,8	
	september	4,3	3,7	4,2	
	deember		5,4	2,3	
	janúar	5,7			
2003	mars	8,1	6,2	2,3	2,5
	júní	4,6			3,3
	júlí		7,7	1,3	
	september			3,1	
2003	mars	6,7		3,0	
	apríl				2,1
	júní	4,5		1,2	

Við Hillesøy í N-Noregi jókst styrkur teknetíns í bóluþangi úr 50 Bq/kg árið 1997 í rúm 400 Bq/kg árið 2001. Síðan hefur styrkur þess farið heldur lækkandi. Þessi aukning á styrk teknetíns er tengd aukinni losun efnisins frá Sellafeld árið 1994. Mengandi efni frá Sellafeld berast með hafstraumum til N-Noregs á 3-4 árum (Amundsen et al. 2003, Gáfvert et al. 2003). Mælingar á Tc-99 í þangi frá Færeyjum árið 2000 sýndu styrk á bilinu 1,6-8,3 Bq/kg (6 mælingar) (Joensen et al. 2002), sem er sambærilegt við íslensku mælingarnar. Til samanburðar má nefna að styrkur Tc-99 í bóluþangi við Sellafeld mældist 10 kBq/kg árið 2000 og 27 kBq/kg árið 2003 (RIFE-6, RIFE-9). Reglulegar mælingar á teknetíni-99 í sjó við Ísland fara fram í samvinnu við Hafrannsóknastofnun og rannsóknastofnu norsku geislavarnastofnunarinnar (NRPA) í Osló.

3 HEIMILDIR

- AMAP 2004. Amap Assessment 2002: Radioactivity in the Arctic. Arctic Monitoring and Assessment Programme (AMAP), Oslo.
- Amundsen I., Brekken A., Liland A. 2003. Utslipp av radioaktive stoffer fra Sellafield-anleggene. En gjennomgang av britiske myndigheters regulering av utslippstillatelser. Strålevern Rapport 2003:2. Østerås, Statens strålevern.
- Davíð Egilsson, Elísabet D. Ólafsdóttir, Eva Ingvadóttir, Helga Halldórsdóttir, Flosi Hrafn Sigurðsson, Gunnar Steinn Jónsson, Helgi Jensson, Karl Gunnarsson, Sigurður A. Þráinsson, Andri Stefánsson, Hallgrímur Daði Indriðason, Hreinn Hjartarson, Jóhanna Thorlacius, Kristín Ólafsdóttir, Sigurður R. Gíslason og Jörundur Svavarsson 1999. Mælingar á mengandi efnunum á og við Ísland. Niðurstöður vöktunarmælinga. Starfshópur um mengunarmælingar.
- Elísabet D. Ólafsdóttir, Sigurður M. Magnússon og Sigurður Emil Pálsson 1992. Radiocaesium in seawater, fucus and fish in Iceland. The 6th Nordic Radioecology Meeting 1992, Thorshavn, 8 s.
- Elísabet D. Ólafsdóttir, Sigurður Emil Pálsson og Sigurður M. Magnússon 1996. Caesium-137 in the Icelandic Marine Environment 1989-1995. The 7th Nordic Radioecology Seminar, Reykjavik 1996, s. 425-428.
- Elísabet D. Ólafsdóttir, Sigurður Emil Pálsson og Sigurður M. Magnússon 1997. Caesium-137 in Icelandic seawater related to different water masses. The Third International Conference on Environmental Radioactivity in the Arctic, extended abstracts (2), Tromsø, s. 217-218.
- Elísabet D. Ólafsdóttir, Sigurður Emil Pálsson, Sigurður M. Magnússon og Kjartan Guðnason 1999. Distribution and origin of Cs-137 in the ocean around Iceland – an indicator of man-made radioactivity. Rit Fiskideildar 16: 69-77.
- Gäfvert T., Føyn L., Brungot A.L., Kolstad A.K., Lind B., Christensen G.C., Strållberg E., Drefvelin J., Rudjord A.L. 2003. Radioactivity in the Marine Environment 2000 and 2001. Results from the Norwegian National Monitoring Programme (RAME). Strålevern Rapport 2003:8. Østerås, Statens strålevern.
- Gjelsvik R. 2004. Overvåkningsmålinger 2003 – prognoser for slaktesesongen. Strålevern Rapport 2004:4. Østerås, Statens strålevern.
- Guðmundur S. Jónsson, Bragi Árnason og Páll Theodórsson 1968. Geislavirkt úrfelli á Íslandi til ársloka 1967. Geislavarnir ríkisins og Raunvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Hansen H. S. & Andersson I. 1994. Transfer of ¹³⁷Cs to cow's milk in the Nordic countries. In: Henning Dahlgaard (ed.). Studies in environmental science 62. Nordic radioecology. The transfer of radionuclides through Nordic ecosystems to man. Elsevier, pp. 197-210.
- Héðinn Valdimarsson og Svend Aage Malmberg 1999. Near-surface circulation in Icelandic waters derived from satellite traced drifters. Rit Fiskideildar 16: 23-39.
- Joensen H. P., Vestergaard T., Zachariassen J. and Mortensen M. 2002. ¹³⁷Cs and ⁹⁹Tc in seawater and seaweed around the Faroe Islands. In: Sigurður Emil Pálsson (ed.). Summaries of studies carried out in the NKS/BOK-2 project. Technical report. NKS, pp. 161-164.
- Joensen H. P. 1999. Long-term variation of radiocaesium in the food chain of lamb in the Faroe Islands. Journal of Environmental Radioactivity 46: 345-360.
- Magnús Jóhannesson, Jón Ólafsson, Sigurður M. Magnússon, Davíð Egilsson, Steinþór Sigurðsson, Guðjón Atli Auðunsson og Stefán Einarsson 1995. Mengunarmælingar í sjó við Ísland. Lokaskýrsla, Umhverfisstofnun.

- Magnús Á. Sigurgeirsson og Kjartan Guðnason 2004. Jarðvegssýnataka 2000-2003. Sýnatökustaðir – mólendi og auðnir. Geislavarnir ríkisins, GR 04:07.
- Magnús Á. Sigurgeirsson, Ólafur Arnalds, Sigurður Emil Pálsson, Brenda J. Howard, Kjartan Guðnason 2005. Radiocaesium fallout behaviour in volcanic soils in Iceland. *Journal of Environmental Radioactivity* 79(1): 39-53.
- Ólafur Reykdal, Guðmundur Guðmundsson, Sigurður Emil Pálsson og Hannes Hafsteinsson 2002. Rannsókn á aðskotaefnum í íslenski mjólk 2000-2001 og áhættumat fyrir aðskotaefni. *Matra*, matvælarannsóknir Keldnaholti, *Matra* 02:07.
- Páll Theodórsson og Bragi Árnason 1965. Oversigt over fall-out målinger i Island okt. 1964- april 1965. Islands Universitet, fysisk Laboratorium, 8 s.
- Páll Theodórsson og Bragi Árnason 1964. Environmental radioactivity in Iceland. University of Iceland, Physical Laboratory, 15 s.
- RIFE-6 2001. Radioactivity in Food and the Environment, 2000. Food Standards Agency, Scottish Environment Protection Agency.
- RIFE-9 2004. Radioactivity in Food and the Environment, 2003. Environment Agency, Environment and Heritage Service, Food Standards Agency, Scottish Environment Protection Agency.
